


Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 16. september 2011  
UST20110900024/hmj

### Efni: Rannsóknaborhola í fjallinu Keis í Kerlingarfjöllum.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 2. september sl. þar sem óskað er umsagnar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

### Framkvæmdalýsing og staðhættir

Fyrirhugað er að bora rannsóknarborholu í lækjarsitru við hlið akvegjar í grunnu gili í norðurhlíð fjallsins Keis í Kerlingarfjöllum. Tilgangur framkvæmdarinnar er að nýta heitt vatn til upphitunar vegna ferðaþjónustu í Kerlingarfjöllum. Til að komast að borsvæði er áætlað að gera 40 m aðrein frá veginum sem yrði sneiðingur í lækjarbarminn. Fyrirhugað borplan verður útfært sem láréttur stallur í lækjargilið, hámarksstærð er 40 m<sup>2</sup>. Ekki er gert ráð fyrir að flytja efni við gerð borplansins. Jarðvegur á yfirborði við framkvæmdasvæðið er leirkenndur og nokkuð um grjót. Landið er gróðursnautt og engin ummerki eru um fornminjar.

### Athugasemdir Umhverfisstofnunar og niðurstaða

Að mati Umhverfisstofnunar eru helstu umhverfisáhrif sem hljóta munu af framkvæmdinni þau sjónrænu áhrif sem til koma vegna vegar, borplans og veitulagnar. Stofnunin bendir á 35. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd þar sem segir að við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skuli þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Svæðið er á náttúruminjasrá og áréttar Umhverfisstofnun að öllu raski skuli haldið í lágmarki svo ekki skerðist verndargildi svæðisins. Að mati stofnunarinnar væri æskilegast að veitulögnin sjálf lægi að mestu leyti meðfram veginum og til að draga sem mest úr sjónrænu áhrifunum ætti hún að vera niðurgráfin. Ekki kemur fram í greinagerð hvernig skuli staðið að frágangi til að lágmarka ummerki en Umhverfisstofnun ítrekar mikilvægi þess að allur frágangur að

framkvæmdum loknum verði svo að ekki standi eftir önnur ummerki heldur en þau sem tengjast nýtingunni sjálfri.

Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við umrædda framkvæmd og telur ekki að hún komi til með að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst

*A. Birna Guð.*  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Deildarstjóri

*Halla M. Jóh.*  
Halla M. Jóhannesdóttir